**Kveðja frá**
**forseta Íslands**
**Ólafi Ragnari Grímssyni**

Landsmót UMFÍ eru hátíðir íþrótta og gleði. Þau sýna trausta rætur í byggðum landsins og þrótt hreyfingar sem er næstum jafn gömul öldinni .

Ungmannafélögin gáfu baráttunni fyrir sjálfstæði Íslands aukinn styrk. Þau sköpuðu fyrirmyndir um heilbrigt líferni og almenna iðkun íþrótta, virðingu fyrir gæðum landsins og auðlindum ættjarðarinnar.

UMFÍ er mikilvægur vettvangur íþrótta og æskulýðsstarfs. Á þessum tímamótum þakkar þjóðin framlag hreyfingarinnar til íslenskrar framtíðar.

Ég óska keppendum og gestum á landsmótinu allra heilla.

Ólafur Ragnar Grímsson